

Reglur STEFs þegar ágreiningur er uppi um hlutdeild í höfundarétti verka

Fái STEF tilkynningu um að upp sé kominn ágreiningur um hvernig skipta eigi höfundarétti verks sem skráð er hjá STEFi og téð tilkynning virðist ekki augljóslega tilhæfulaus, þá er það fyrsta skref STEFs að biðja þann sem tilkynnir ágreininginn, að hafa samband við gagnaðila málsins og að senda þeim skriflega útskýringu á málinu ásamt viðhlítandi gögnum, þ.m.t. upptökum eða nótum af því verki sem við á. STEF þarf að fá afrit af þessum samskiptum beggja aðila til að aðhafast frekar í málinu.

STEF getur þá síðan skv. skriflegri beiðni haldið eftir greiðslum úthlutana til hlutaðeigandi höfunda í allt að fjóra mánuði og er verkið þá merkt sem óúthlutunarhæft í gagnagrunni STEFs (slík verk eru rauðmerkt á „Mínum síðum“). Ath. að engar greiðslur tapast þó á þessu tímabili.

Hægt er að óska eftir framlengingu á þessu tímabili, sé STEFi sýnt fram á að annaðhvort séu virk samskipti til að leysa málið á milli aðila eða þá að búið sé að stefna málinu fyrir dóm. Framlengir STEF þá annaðhvort þetta tímabil um aðra fjóra mánuði eða fram að þeim tíma að héraðsdómur liggur fyrir (og áfrýjunarfrestur er liðinn) eða hafi málinu verið áfrýjað fram að dómi Landsréttar. Hafi dómurinn breytt hlutdeildinni í verkinu frá upphaflegri skráningu, fylgir STEF þeim dómi, en hlutaðeigandi skal þá framvísa dómnum til STEFs. Hafi málið ekki farið fyrir dóm og lausn ekki fengist í málið áður en að ofangreindir frestir líða, breytir STEF verkskráningunni í fyrra horf.

Verði skráningu verksins breytt síðar af einhverri ástæðu og viðkomandi aðili telur sig hlunnfarinn vegna þess að STEF breytti verkskráningu í fyrra horf, þá getur hann ávallt sótt skaðabætur er ná fjárhæð úthlutanna STEFs beint til viðkomandi gagnaðila. STEFi skal heimilt í slíku tilviki að upplýsa aðila um fjárhæð úthlutunar á því tímabili sem um ræðir.

Vert er eð benda á, að meðlimir STEFs geta óskað eftir álit matsnefndar STEFs, m.a. um líkindi tveggja verka, skv. reglum er gilda um matsnefndina. Álit matsnefndarinnar getur nýst sem gagn í dómsmáli, en er einnig bindandi fyrir meðlimi STEFs varðandi skráningu verka (í þeim tilvikum sem það á við). Dómstólar geta þó ávallt hnekk álit matsnefndar hvað varðar skráningu verka hjá STEFi.

Samþykkt af stjórn STEFs þann 20. mars 2025